

Stjórnarfundur 25. október 2021

Haldinn kl. 17:00 á skrifstofu félagsins, Síðumúla

Mættir: Daníel Örn Hinriksson, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Guðný Ísaksen, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

NKU; Nordisk Kennel Union.

Það er komið að Íslandi að taka við formennsku ráðsins, en það verður hlutverk okkar næstu þrjú árin. Fundur er á dagskrá 17. nóvember nk. í Helsinki.

Breyting á fyrirkomulagi sýninga.

Stjórn er samþykkt beiðni sýningarstjórnar að halda aukasýningu haustið 2022 að því gefnu að forsendur haldist óbreyttar.

Umræða skapaðist um umgengni á sýningum og þann kostnað sem það hefur í för með sér vegna teppalagningar. Nauðsynlegt að brýna fyrir félagsmönnum að ganga vel um svæðið og passa upp á hundarnir losi sig ekki inni í höllinni nema á þar til gerðum svæðum.

Beiðni um endurvakningu Pincher, Mastiff og Fjallahunda-deildar

Stjórn fagnar áhuganum og óskum þeim alls hins besta.

Önnur mál

Beiðni um undanþágu frá hefðbundinni gjaldskrá

Erindi frá ræktenda vegna undanþágu frá hefðbundinni gjaldskrá vegna ættbókarfærslu tekið fyrir. Stjórn telur ekki ástæðu til að víkja frá þeirri gjaldskrá sem samþykkt er og birt er á heimasíðu.

Erindi frá stjórn Íþróttadeildar

Stjórn barst tillaga að gjaldskrá og tímaplani fyrir starf deildarinnar, sem tæki gildi fyrir áramót. Stjórn álitur starf deildarinnar mjög mikilvægt og óskar eftir fundi með stjórn íþróttadeildar við fyrsta tækifæri.

Beiðni um undanþágu

Stjórn baðst beiðni um undanþágu vegna niðurstaðna úr mjaðmamyndun. Að fenginni umsögn Vísindanefndar er erindi hafnað.

Fundi slitið kl. 18:30